

**Sp.**

**138. Tillaga til þingsályktunar**

[113. mál]

um öryggisbúnað flugvalla.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera athugun á því, hvernig komið verði upp á sem skemnstum tíma nauðsynlegum öryggisbúnaði á flugvöllum landsins.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hafa flugsamgöngur farið ört vaxandi hér á landi. Flugfloti landsmanna hefur stækkað ár frá ári. Flogið er allan ársins hring um svo að segja allar byggðir landsins. Flugvélnar flytja bæði fólk og varning og sinna hinum mikilvægustu þjónustustörfum af ýmsu tagi. Iðulega er flogið í misjöfnum veðrum, í skammdegi og skuggalegu útliti, og raunar oft teflt á tæpasta vaðið, þegar mikið liggur við. Sumar byggðir landsins eru þannig settar, að þær verða nær eingöngu að treysta á flugið, þegar samgönguleiðir á landi teppast af snjó að vetrarlagi. Lítið er um hentugar skipaferðir með ströndum fram að því er tekur til hinna smærri staða. Aðstæður eru víða erfiðar. Stundum lokar ís höfnum og siglingaleiðum.

Á landinu öllu eru nú um 100 flugvellir, stórir og smáir, sbr. meðfylgjandi skrá. Þeir eru mjög misjafnir að gæðum. Til hinna stærri og betri flugvalla er reglubundið áætlunarflug einu sinni eða oftár í viku hverri. En hinir minni sjúkraflygvellir eru varla notaðir nema í brýnustu neyð. Flestir flugvallanna eiga það sameiginlegt, að þeir þurfa endurbóta við. Þörfin er að vísu ekki alls staðar jafnbrýn. Hún er að sjálfsögðu meiri, þar sem um reglubundið áætlunarflug er að ræða. En alls staðar verður að fullnægja ákveðnum öryggiskröfum, ef viðunandi á að vera. Þar er margt að gæta. Flugvellirnir sjálfir verða að vera vel úr garði

gerðir hvað undirbyggingu, yfirborð og umhverfi snertir, svo að nokkuð sé nefnt. Auk þess þarf ákveðinn öryggisbúnaður að vera fyrir hendi.

Því má ekki gleyma, að mikið átak hefur verið gert í öryggismálum íslenskra flugmála á undanförunum árum. Þar höfum við notið mikilvægrar alþjóðlegrar aðstoðar. Fjarveitingar á þessu sviði hafa á hinn bóginn jafnan verið af skornum skammti. En mikið starf hefur verið unnið við afar slæm og erfið skilyrði. Framvinda mála hefur verið ör og farsæl í flestum greinum. Með hliðsjón af því, hve flugið er orðið ríkur þáttur í lífi og starfi margra landsmanna, þarf engan að undra, þó að meta þurfi aðstöðu þess alla og undirbúa ný átök, m. a. í öryggismálum.

Flugmálastjórnin og öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafa gert ýmsar tillögur til úrbóta í þessum efnum á flugvöllum landsins. Að mati þeirra og fleiri aðila, sem best þekkja til þessara mála, þarf margt að lagfæra. Nefna má sem dæmi flugbrautir og brautarenda. Sums staðar þarf að fjarlægja mannvirki eða ákveðna hluti og koma upp gripheldum girðingum. Yfirborð flugbrauta er víða lélegt eða of gróft. Þar þarf að malbika. Talið er, að malbika þurfi alla þá flugvelli, sem notaðir eru til áætlunarflugs. Fullgera verður öryggissvæði á öllum flugvöllum hið fyrsta. Lýsing á flugvöllum er víða ófullkomin eða engin. Stefna verður að uppsetningu fullkominna aðflugstækja við alla flugvelli. Þá þurfa nauðsynleg slökkvitæki að vera til staðar. Hér er fátt eitt upp talið. En af þessu má ráða, að hér er mikið verk að vinna, sem ekki má dragast úr hófi fram. Ekki verður allt unnið samtímis.

Það er skoðun flutningsmanns, að hér sé um að ræða mikilvægt öryggismál fyrir alla landsmenn. Nauðsynlegt sé að láta athuga, hvernig best og haganlegast verði að því unnið á sem skemmstum tíma.

#### Flugvallaskrá, reglubundið áætlunarflug.

Flugrekstraraðili	Flugvöllur	Lendingar á viku	Flugvélar- tegund
Flugfélag Íslands	Reykjavík .....	73	F—27
	Patreksfjörður .....	3	F—27
	Þingeyri .....	3	F—27
	Ísafjörður .....	11	F—27
	Sauðárkrókur .....	3	F—27
	Akureyri .....	29	F—27
	Húsavík .....	4	F—27
	Raufarhöfn .....	3	F—27
	Þórshöfn .....	3	F—27
	Egilsstaðir .....	9	F—27
	Neskaupstaður .....	3	F—27
	Hornafjörður .....	4	F—27
	Fagurhólsmýri .....	1	F—27
	Vestmannaeyjar .....	14	F—27
Vængir h.f.	Reykjavík .....	28	DCH—6
	Rif .....	5	DCH—6
	Stykkishólmur .....	5	DCH—6
	Búðardalur .....	2	DCH—6
	Reykhólar .....	2	DCH—6
	Holt í Önundarfirði .....	2	DCH—6
	Blönduós .....	4	DCH—6
	Hólmavík .....	2	DCH—6
	Gjögur .....	2	DCH—6
	Siglufjörður .....	4	DCH—6

Flugrekstraraðili	Flugvöllur	Lendingar á viku	Flugvélar- tegund
Norðurflug h.f.	Akureyri .....	14	C—45
	Grimsey .....	2	C—45
	Húsavík .....	2	C—45
	Kópasker .....	2	C—45
	Raufarhöfn .....	2	C—45
	Þórshöfn .....	2	C—45
	Vopnafjörður .....	4	C—45
Flugfélag Austurlands	Egilsstaðir .....	16	BE—55
	Þórshöfn .....	2	BE—55
	Vopnafjörður .....	3	BE—55
	Bakkafjörður .....	3	BE—55
	Borgarfjörður .....	3	BE—55
	Djúpivogur .....	2	BE—55
	Fáskrúðsfjörður .....	1	BE—55

#### Flugvallaskrá, sjúkraflugvellir.

Álftaver	Kerlingarfjöll
Arngerðareyri	Kollafjarðarnes
Auðkúluheiði	Króksfjarðarnes
Berjanesfitjar	Látrar
Bolungarvík	Mariubakki
Breiðabólstaður	Melanes
Breiðdalur	Melgraseyri
Búrfell	Múlakot
Bæir	Narfastaðamelar
Einholtsmelar	Núpur
Fáskrúðsfjörður	Ólafsfjörður
Ferjukotsbakkar	Refsstaðamelar
Fjöll	Reyðarfjörður
Flatey á Skjálfanda	Reykjanes
Foss á Síðu	Sandskeið
Geysir í Haukadal	Sandur
Gjögur	Selárdalur
Grafarnes	Sellandafjöll
Grimstaðir	Skálavatn
Gunnarsholt	Skálmarnes
Hella	Skógasandur
Herðubreiðarlindir	Sprengisandur
Hnausar	Starmýri
Hrifunes	Steinasandur
Hrísey	Stóra-Holt
Hrísnes	Stóri-Kroppur
Hveravellir	Strandsel
Ingjaldssandur	Vík í Mýrdal
Kaldármelar	Þórisdalur
Kalmanstunga	Þórisós
Kamsnes	Ærlækur